

Ed.

477. Lög

um sameining yfirskjalavardarembættisins og landsbókavardarembættisins.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

Yfirskjalavardarembættið við þjóðskjalasafnið og landsbókavardarembættið skulu sameinast þegar annaðhvort eða bæði losna og því verður við komið. Hið sameinada embætti nefnist landsbókavardarembætti og er launað samkvæmt launalögunum.

2. gr.

Jafnframt og sameiningin fer fram eru úr gildi numin lög um þjóðskjalasafn Íslands, 3. nóv. 1915, 2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.